

Félag löggiltra
endurskoðenda

Reykjavík 10. desember 2010
Tilvísun FLE 41-2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b/t Kristjönu Benediktsdóttur

Málefni: Frumvarp til laga um virðisaukaskatt, 208 mál.

Með tölvupósti dags. 2. desember s.l. óskaði Efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE sem tók málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin tók málið til umfjöllunar og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

1. Ábending varðandi 4. gr.

Við viljum koma þeirri skoðun okkar á framfæri að hafi það verið ætlun löggjafans að koma til móts við kröfur gagnavera varðandi virðisaukaskatt milli landa þá hafi ekki verið gengið nægjanlega langt í því sambandi.

Eins og fram kemur í umfjölluninni með frumvarpinu um 4. gr. þá má skipta þjónustu gagnavera í átta þætti, en þar á meðal er aðstöðuleiga. Lítið hefur verið svo á að í aðstöðuleigu felist útleiga á rými sem ekki telst til fasteignaleigu. Hýsing gagnaleigu felur m.a. í sér samnýtingu á grunngerð (rafmagn, kæling o.s.frv.) og fjarskiptakerfum. Af þessu leiðir að þjónusta sem eingöngu felur í sér hýsingu má jafna við aðstöðuleigu eins og hugtakið hefur verið túlkað í framkvæmd laganna.

Ljóst er að umrædd 4. gr. undanskilur ekki virðisaukaskatt vegna hýsingar.

2. Ábending varðandi 6. gr.

Í 6. gr. kemur fram: „Skilyrði innskattsfrádráttar er að seljandi vöru og þjónustu sé skráður á virðisaukaskattsskrá á því tímamarki þegar viðskipti eiga sér stað.“


Að okkar mati þarf að skilgreina hvað átt er við með „tímamarki þegar viðskipti eiga sér stað.“

En hér koma til álita nokkur tímamörk s.s.

- a. Dagsetning reiknings.
- b. Dagsetning á afhendingu vöru eða þjónustu.
- c. Dagsetningu á tilboði vegna vöru eða þjónustu.

Í þessu sambandi geta komið upp álitaefni t.d. hvað varðar langtímaverkefni. Hafi verksali verið með opið virðisaukaskattsnúmer þegar hann gerði tilboð í verkið, en við verklok og/eða útgáfu reiknings hefur virðisaukaskattsnúmerinu verið lokað. Telst virðisaukaskattsnúmerið þá hafa verið opið þegar viðskiptin áttu sér stað ?

Virðingarfyllt,
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda


Sigurður B. Arnþórsson
Framkvæmdastjóri FLE